

609. fundur

Mánudaginn 5. september 2016 var haldinn fundur í nefnd skv. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 í atvinnuvega- nýsköpunarráðuneytinu.

Þessir voru mættir:

Ólafur Friðriksson formaður ANR
Sigurbjörg Stella Guðmundsdóttir ANR
Baldur Sigmundsson ANR
Benedikt S. Benediktsson FJR
Kristín Sigfúsdóttir, ritaði fundargerð

1. Lagðar fram fundargerðir 607 og 608 og voru þær staðfestar.
2. Nefndin fór yfir drög að svarbréfi Samtaka verslunar og þjónustu, um tollkvóta á lífrænum ostum.
3. Tekið var fyrir hvort framlengja þurfi reglugerð nr. 316/2016, um opinn tollkvóta á nautakjöti sem rennur út 30. september 2016. Send var fyrirspurn til framleiðenda og dreifingaraðila sbr. tölvupóst 30. ágúst 2016. Málið var rætt og á grundvelli þeirra svara sem bárust nefndinni var ákveðið að framlengja ekki tollkvóta á nautakjöt að sinni. Send verður út tilkynning þar um til hagsmunaaðila.

Fleira ekki gert og fundi slitið.